



Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

b.t. postur@irr.is

Reykjavík, 17. september 2014

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um farmflutninga á landi.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, hér eftir nefnd samtökin, þakka fyrir tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreind frumvarpsdrög sem kynnt voru á vef ráðuneytisins þann 2. september sl.

Samtökin telja að efni frumvarpsins sé óþarft og að það sama eigi við um sambærileg ákvæði í gildandi lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Samtökin leggja til að í stað þess að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi þá verði einungis látið nægja að setja lög um fólksflutninga en farmflutningar undanskildir.

Samtökin telja að gildandi lög um hæfi ökumanna og reglur um ökuréttindi og aukin ökuréttindi ásamt reglum um ástand bifreiða og vinnuvéla og meðferð farms nægi fyllilega til að tryggja öryggi og hagsmuni almennings og annarra. Ávinningurinn af þeirri viðbótarlöggjöf og eftirliti sem ætlunin sé að koma á með frumvarpinu sé minni en enginn en kostnaður töluverður og umstang mikið.

Einnig má benda á að skattyfirvöld hafa almennt eftirlit með fyrirtækjum og einstaklingum og rekstri þeirra og að starfsemin er leyfis skyld samkvæmt öðrum lögum.

Samtökin skora því á ráðuneytið að falla frá lagasetningunni og fella ákvæði um eftirlit og leyfisveitingar úr gildandi lögum.

Rétt er þó að fjalla lítillega um ágalla á frumvarpinu eins og þeir blasa við samtökunum.

1. Í fyrstu grein er ráðherra heimilað að veita undanþágu frá lögnum sem eru mjög opin og vekur upp spurningar um hvort lagasetningarinnar sé yfirleitt þörf.
2. Mjög erfitt getur verið að greina á milli farmflutnings í eigin þágu og í atvinnuskyni. Ökutæki bera ekki með sér hvort þau séu í eigu verktaka „sem starfar við annars konar verktöku en flutningsþjónustu“ eða ekki. Eftirlit mun því beinast að öllum flutningum og verður á þann hátt ómarkvisst og dýrt jafnt þeim sem undir það falla og hinum sem verða fyrir eftirliti án þess að starfsemin sé eftirlitsskyld.

3. Samtökin telja leyfisbindingu takmarkaðs hluta flutningsstarfseminnar í landinu óþarfa. Ekki kemur fram við hvaða vanda sé að etja sem geri nauðsynlegt að setja umrædd ákvæði. Ekkert kemur fram um aukið öryggi frá því sem reglur um farm, aukin ökuréttindi eða almenn ákvæði í umferðarlögum veita.
4. Samtökin hafa verulegar áhyggjur af því að kostnaður við eftirlit og leyfisveitingar verði óhóflegur enda engin ákvæði sem takmarka þann kostnað sem Samgöngustofa getur lagt út og velt á atvinnulífið.
5. Samtökin telja óeðlilegt að vísa til reglna um starfshætti fjármála-fyrirtækja eins og gert er í greinargerð með 9. gr. frumvarpsdraganna. Starfsemi flutningafyrirtækja og vörubílstjóra er töluvert annars eðlis en fjármálafyrirtækja. Minnt er á að í gildi eru lög um eftirlit með viðskipta-háttum og markaðssetningu þar sem hagsmunir neytenda eru í fyrirrúmi.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa áður látið í ljós óánægju með lagaákvæði um eftirlit með farmflutningum á vegum og skora nú enn á ráðuneytið að láta fara fram mat á því hver sé ávinningur og nauðsyn þess eftirlits sem fjallað er um í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfni

f.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson,
forstöðumaður mannvirkjasviðs,